

FUNDARGERÐ VIÐSKIPTAMANNARÁÐS

9. fundur viðskiptamannaráðs Landsnets haldinn þriðjudaginn 19. febrúar 2008 að Gylfaflöt 9. Kl. 13.00.

Fundinn sátu:

Baldur Dýrfjörð	Norðurorku
Edvard G. Guðnason	Landsvirkjun
Friðrik Friðriksson	Hitaveita Suðurnesja
Guðmundur I. Ásmundsson	Landsnet
Hreinn Frímansson	Orkuveita Reykjavíkur
Kristján Halldórsson	Landsnet
Linda Lea Bogadóttir	Landsnet
Martha Eiríksdóttir	Landsnet
Örlygur Jónasson	Rarik

Dagskrá:

1. Útgáfa nýrra skilmála.
Skilmálarnir voru sendir fulltrúum í viðskiptamannaráði 31.1 sl.
2. ISBAS skipulagður markaður fyrir raforku.
Staða verkefnisins og næstu skref.
Tilnefning í faghóp.
3. ISO9001/2000 Vottun Landsnets.
4. Önnur mál

MEI opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Ákveðið að fundargerð síðasta fundar verði send fundarmönnum á rafrænu formi til staðfestingar og samþykktar svo fljótt sem auðið er.

1. Útgáfa nýrra skilmála.

KH kynnti og fór yfir þær athugasemdir sem skipaður faghópur um rýni að breytingum á skilmála um tæknilegar kröfur til vinnslueininga og skilmála um vinnsluáætlanir hefur lagt fram. Hópurinn hefur unnið ytarlega að þessu rýni þar sem skilmálarnir eru mjög tæknilegir.

Faghópurinn hefur þegar sent skilmála, með breytingatillögum, út til samþykktar aðila. Frestur var gefin til 20. febrúar til að skila inn athugasemdum. Stefnt er að því að gefa netmála út 1. mars nk.

Þeir skilmálar sem þegar eru tilbúnir í drögum:

- D1. Skilmálar um tæknilegar kröfur til vinnslueininga
- C1. Skilmálar um rof og vinnu í flutnings-kerfinu
- C4. Skilmálar um vinnsluáætlanir
- B4. Skilmálar um ákvörðun verðs fyrir flutning raforku til stórnotenda
- B8. Skilmálar um sérstakt tengigjald

Nokkrar umræður og tillögur komu um breytingarnar, m.a.:

- Hvernig hefur RARIK hagað sínum skilmálum gagnvart smávirkjunum?
- Lagfæra eða aðlaga þarf orðalag í skilmálaum er kemur að vinnslueiningu.



2. ISBAS skipulagður markaður fyrir raforku.

Staða verkefnisins og næstu skref.
Tilnefning í faghóp

ME kynnti stjórnun og stöðu verkefnisins. ME kynnti ennfrekar þá hugmynd að settur yrði á laggirnar faghópur sem í eigi sæti fulltrúar Nord Pool og Landsnets ásamt aðilum markaðarins. Ákveðið var að skipa í hópinn og biðja um breytingartillögur ef einhverjar. Verkefni faghópsins eru þau helst að skilgreina markaðssilyrði og vinni námkæma aðgerðaráætlun, koma að samninga- og bankamálum, taka ákvörðun um opnunartíma markaðar sem og mynt o.fl.

Orkubú Vestfjarða hefur óskað eftir setu í faghópum.

Nokkrar breytingar hafa þegar borist ME og verður tekið tillit til þeirra. Þær eru að í stað Magnúsar Kristjánssonar hjá Orkusölu, komi Þengill Ásgrímsson og einnig hefur Orkubú Vestfjarða, Kristján Haraldsson óskað eftir aðild að faghópnum.

Ákveðið að ME sendi formlegt bréf til forráðamanna fyrirtækjanna þar sem falast verður eftir formlegri skipan í faghópinn.

Þeir aðilar sem skipaði hafa verið eru:

Baldur Dýrfjörð, Norðurorka
Edvard Guðnason, Landsvirkjun
Friðrik Friðriksson, Hitaveita Suðurnesja
Magnús Kristjánsson, Orkusalan
Martha Eiríksdóttir, Landsnet
Þorleifur Finnsson, Orkuveita Reykjavíkur
Þar að auki verði
Fulltrúi frá ALCAN
Fulltrúi frá Samtökum iðnaðarins.

Nokkrar umræður og tillögur komu um breytingarnar, m.a.:

- Spurning hvort Norðurál ætti ferkar að vera með fulltrúa í faghópnum í stað Alcan?
- Hver verður hinn endanlegi kosnaður aðila með þátttöku á markaði
- Hvert verður eiginlegt hlutver faghópsins
- Hvert verður sameiginlegt tungumál markaðarís?

3. ISO9001/2000 Vottun Landsnets

GIÁ sagði fundarmönnum frá nýlegir gæðavottun Landsnets.

4. Önnur mál

Kvartanir og tilkynningar – Borið hefur á slæmum samskiptum LN við viðskiptavini.

Móttaka kvartana og úrvinnsla þeirra eitthvað ábótavant hjá LN.

Frestur var gefin til 22. febrúar til að skila inn athugasemdum við breytingum á skilmálum um varaafli og vinnslustýringar.

HS ræddi um tilkynningarmál vegna vinnu í einingu – HS hlaut fjárhagslegt tjón af og er ósátt við að LN bregðist ekki við og komi meira til móts við viðskiptavini í slíkum málum. LN hefur rætt málið og viðurkennir að betur hefði mátt standa að upplýsingagjöf til hlutaðeigandi aðila.

Fleira ekki rætt og var fundi slitið kl. 16.00

FUNDARGERÐ VIÐSKIPTAMANNARÁÐS

9. fundur viðskiptamannaráðs Landsnets haldinn þriðjudaginn 19. febrúar 2008 að Gylfaflöt 9. Kl. 13.00.

Fundinn sátu:

Baldur Dýrfjörð	Norðurorku
Edvard G. Guðnason	Landsvirkjun
Friðrik Friðriksson	Hitaveita Suðurnesja
Guðmundur I. Ásmundsson	Landsnet
Hreinn Frímansson	Orkuveita Reykjavíkur
Kristján Halldórsson	Landsnet
Linda Lea Bogadóttir	Landsnet
Martha Eiríksdóttir	Landsnet
Örlygur Jónasson	Rarik

Dagskrá:

1. Útgáfa nýrra skilmála.
Skilmálarnir voru sendir fulltrúum í viðskiptamannaráði 31.1 sl.
2. ISBAS skipulagður markaður fyrir raforku.
Staða verkefnisins og næstu skref.
Tilnefning í faghóp.
3. ISO9001/2000 Vottun Landsnets.
4. Önnur mál

MEI opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Ákveðið að fundargerð síðasta fundar verði send fundarmönnum á rafrænu formi til staðfestingar og samþykktar svo fljótt sem auðið er.

1. Útgáfa nýrra skilmála.

KH kynnti og fór yfir þær athugasemdir sem skipaður faghópur um rýni að breytingum á skilmála um tæknilegar kröfur til vinnslueininga og skilmála um vinnsluáætlanir hefur lagt fram. Hópurinn hefur unnið ytarlega að þessu rýni þar sem skilmálarnir eru mjög tæknilegir.

Faghópurinn hefur þegar sent skilmála, með breytingatillögum, út til samþykktar aðila. Frestur var gefin til 20. febrúar til að skila inn athugasemdum. Stefnt er að því að gefa netmála út 1. mars nk.

Þeir skilmálar sem þegar eru tilbúnir í drögum:

- D1. Skilmálar um tæknilegar kröfur til vinnslueininga
- C1. Skilmálar um rof og vinnu í flutnings-kerfinu
- C4. Skilmálar um vinnsluáætlanir
- B4. Skilmálar um ákvörðun verðs fyrir flutning raforku til stórnotenda
- B8. Skilmálar um sérstakt tengigjald

Nokkrar umræður og tillögur komu um breytingarnar, m.a.:

- Hvernig hefur RARIK hagað sínum skilmálum gagnvart smávirkjunum?
- Lagfæra eða aðlaga þarf orðalag í skilmálaum er kemur að vinnslueiningu.



2. ISBAS skipulagður markaður fyrir raforku.

Staða verkefnisins og næstu skref.

Tilnefning í faghóp

ME kynnti stjórnun og stöðu verkefnisins. ME kynnti ennfrekar þá hugmynd að settur yrði á laggirnar faghópur sem í eigi sæti fulltrúar Nord Pool og Landsnets ásamt aðilum markaðarins. Ákveðið var að skipa í hópinn og biðja um breytingartillögur ef einhverjar. Verkefni faghópsins eru þau helst að skilgreina markaðssilyrði og vinni námkæma aðgerðaráætlun, koma að samninga- og bankamálum, taka ákvörðun um opnunartíma markaðar sem og mynt o.fl.

Orkubú Vestfjarða hefur óskað eftir setu í faghópum.

Nokkrar breytingar hafa þegar borist ME og verður tekið tillit til þeirra. Þær eru að í stað Magnúsar Kristjánssonar hjá Orkusölu, komi Þengill Ásgrímsson og einnig hefur Orkubú Vestfjarða, Kristján Haraldsson óskað eftir aðild að faghópnum.

Ákveðið að ME sendi formlegt bréf til forráðamanna fyrirtækjanna þar sem falast verður eftir formlegri skipan í faghópinn.

Þeir aðilar sem skipaði hafa verið eru:

Baldur Dýrfjörð, Norðurorka
Edvard Guðnason, Landsvirkjun
Friðrik Friðriksson, Hitaveita Suðurnesja
Magnús Kristjánsson, Orkusalan
Martha Eiríksdóttir, Landsnet
Þorleifur Finnsson, Orkuveita Reykjavíkur
Þar að auki verði
Fulltrúi frá ALCAN
Fulltrúi frá Samtökum iðnaðarins.

Nokkrar umræður og tillögur komu um breytingarnar, m.a.:

- Spurning hvort Norðurál ætti ferkar að vera með fulltrúa í faghópnum í stað Alcan?
- Hver verður hinn endanlegi kosnaður aðila með þátttöku á markaði
- Hvert verður eiginlegt hlutver faghópsins
- Hvert verður sameiginlegt tungumál markaðarís?

3. ISO9001/2000 Vottun Landsnets

GIÁ sagði fundarmönnum frá nýlegir gæðavottun Landsnets.

4. Önnur mál

Kvartanir og tilkynningar – Borið hefur á slæmum samskiptum LN við viðskiptavini.

Móttaka kvartana og úrvinnsla þeirra eitthvað ábótavant hjá LN.

Frestur var gefin til 22. febrúar til að skila inn athugasemdum við breytingum á skilmálum um varaafli og vinnslustýringar.

HS ræddi um tilkynningarmál vegna vinnu í einingu – HS hlaut fjárhagslegt tjón af og er ósátt við að LN bregðist ekki við og komi meira til móts við viðskiptavini í slíkum málum. LN hefur rætt málið og viðurkennir að betur hefði mátt standa að upplýsingagjöf til hlutaðeigandi aðila.

Fleira ekki rætt og var fundi slitið kl. 16.00